

Umhverfismat

Gátlisti fyrir mið- og elstastig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað loftslagsbreytingar í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að nemendur á mið- og unglíngastigi framkvæmi matið með aðstoð kennara. Við hverja spurningu er mynd til leiðbeiningar um hvernig best er að framkvæma matið.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsgöðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar




Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu





Nú þegar gert í skólastarfinu











Loftslagsbreytingar



Hugur
þekking










Eru nemendur fræddir um mikilvægi gróðurs og jarðvegs í hringrás náttúrunnar? 			
Eru nemendur fræddir um grunnhugtökin veðurfar, gróðurhúsaáhrif og efnishringrásir? 			
Eru nemendur fræddir um innflutning matar, hvaðan hann kemur og kolefnisfótspor hans? 			
Er hitastig mælt og skráð í skólanum ár eftir ár? 			
Eru nemendur og starfsfólk frætt um loftslagsbreytingar, orsakir þeirra og afleiðingar? 			
Fer fram kennsla innan skólans um eftirfarandi orkugjafa, kosti þeirra og galla? Setjið hring utan um þá endurnýjalegu orkugjafa sem þið þekkið/fáið fræðslu um Vatnsorka Jarðhiti Sólarorka Vindorka Sjávarfallsorka annað:_____			






<p>Þekkja nemendur uppruna vara og hve mikil áhrif þær hafa haft á loftslagið? (t.d. plastpokar, fatnaður, símar)? </p>			
<p>Eru nemendur og starfsfólk frædd um hvað hægt er að gera til að draga úr loftslagsbreytingum?  </p>			
<p>Eru nemendur fræddir um tengsl lífsgæða og orkunotkunar? </p>			
<p>Eru nemendur og starfsfólk frædd um tengsl nútíma lífnaðarháttá og loftslagsbreytinga?  </p>			
<p>Þekkja nemendur hvernig veðurfar hefur breyst sl. áratugi og að áhrif þess megi rekja til athafna manna? </p>			
<p>Þekkja nemendur helstu áhrifavalda loftslagsbreytinga? </p>			
<p>Þekkja nemendur hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á Íslandi? </p>			
<p>Þekkja nemendur hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á ólíkum stöðum í heiminum? </p>			



Hjarta skólinn og samfélagið



 Er hjólagrind eða hjólaskýli við skólann?			
 Er reglulega farið í göngu- eða hjólréiðartúra í skólanum?			
 Sameinast kennarar og/eða nemendur í bíla á leið í skólann?			
 Eru bílstjórar hvattir til að drepa á bílum á skólalóðinni?			
 Er hægt að finna bíla á bílplaninu sem ganga ekki fyrir jarðefnaeldsneyti?			
 Er matur í mötuneyti fenginn úr heimabyggð eða nærsamfélagi?			
 Er kjötlaus dagur a.m.k. einu sinni í viku?			








Er matur keyptur í stórum umbúðum? 			
Reynir skólinn að lágmarka flutning á vörum sem keyptar eru s.s. kaupa vörur úr heimabyggð? 			
Er meðvitund í skólanum um mikilvægi þess að minnka neyslu og sóun? 			
Er fjallað um loftslagsréttlæti í skólanum? 			
Eru nemendur og starfsfólk frædd um tengsl nútíma lífnaðarháttá og loftslagsbreytinga? 			



Hendur aðgerðir



Er skólinn með samgöngustefnu? 			
Er skólinn með loftslagsstefnu? 			

<p>Tekur skólinn þátt í verkefnum   sem sporna gegn loftslagsbreytingum? Dæmi: Vistheimt t.d. með því stöðva jarðvegseyðingu, fylla í skurði, gróðursetja innlendar tegundir, safna og sá birkifræ eða annað?</p>			
<p>Hvað koma margir gangandi/á hjóli/með strætó í skólann? </p>			
<p>Er skólinn að vinna markvisst að því að minnka matarsóun? </p>			
<p>Hefur kolefnisfótspor matvæla í mötuneytinu verið reiknað út? </p>			
<p>Eruð þið í skólanum að reyna að hafa áhrif á aðra, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir við einhver áform, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl.? </p>			
<p>Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við loftslagsbreytingar? </p>			

Til umræðu:

- Hvað eru loftslagsbreytingar?
- Hvaða áhrif hafa loftslagsbreytingar?
- Af hverju stafa þær?
- Hvað getum við gert til að sporna við þeim?
- Hvernig komum við í skólann? Komum við gangandi, hjólandi, á bíl eða með strætó?
- Hvaða áhrif hafa mismunandi samgöngutæki á umhverfið? En heilsuna
- Hvernig getum við haft áhrif á ákvarðanatöku stjórnmalafólks og fyrirtækja þegar kemur að loftslagsmálum?

Hvað getur skólinn gert betur í sambandi við loftslagsbreytingar